

FUNDARGERÐ

579. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 16.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti sveitarstjórnar Einar Freyr Elínarson setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Boð á fund með stjórn RARIK fundurinn verður á Hótel Kötlu föstudaginn 31. ágúst kl. 12.00, verður liður II – 7 á dagskránni.
 - Erindi frá Loðmundi landeigendafélagi ehf., verður liður II – 7 á dagskránni. Einar Freyr Elínarson vísar af fundi undir þessum lið. EFE mætir aftur til fundarins.
- Samþykkt var að taka þessi erindi á dagskrána.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. **Fundargerð 20. fundar Íprótta- og tómsundaneftndar frá 23. júlí 2018.** Ragnheiður Högnadóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Pórey Richard Úlfarsdóttir óskar bókað:

Við afgreiðslu æskulýðs- og tómsundaneftndar á þessari starfsúmsókn vakna spurningar um verkferla við ráðningu hjá Mýrdalshreppi. Þegar auglýst er eftir skipulags- og byggingarfulltrúa þá sér sveitarstjóri um ráðningarferlið, en þegar auglýst er eftir æskulýðs- og tómsundafulltrúa þá er úmsóknnum vísað til úmsagnar í nefnd. Í hverju liggur munurinn? Þar fyrir utan er það ekki bjóðandi nokkrum úmsækjanda sem sækir um starf þar sem óskað er eftir að úmsækjandi geti hafið störf sem fyrst, að bíða í 3 mánuði eftir svári um hvort viðkomandi hafi fengið starfið.

Fulltrúar T-listans óska bókað: Fulltrúar T-listans munu áfram sem áður leggja áherslu á vandaða stjórnsýslu í öllum sínum störfum. Eins óheppilegt og það er þá barst umrædd úmsókn um stöðu íprótta- og tómsundafulltrúa nokkrum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Sveitarstjóri var bundinn ákvörðun sveitarstjórnar frá 17. maí s.l. um að úmsóknin skyldi send íprótta- og tómsundaneftnd til úmsagnar. Íprótta- og tómsundaneftnd tók þá úmsókn fyrir á fyrsta fundi sínum eftir kosningar 26. júlí og því á þessi töf á svörum sér fullkomlega eðlilegar skýringar. RH mætir aftur til fundarins

Ragnheiður Högnadóttir óskar bókað við lið 4 önnur mál: Það vekur furðu að þessi ágæta nefnd telur ekki þörf á að grípa til aðgerða þar sem eitt af dýrustu ípróttamannvirkjum sveitarfélagsins liggur undir skemmdum af vanhírðu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. **Fundargerð 261. fundar skipulagsneftndar frá 8. ágúst 2018**

1. **Pétursey 2 - Deiliskipulag**

Lagt er fram deiliskipulag vegna frekari uppbyggingar ferðarþjónustu að Pétursey 2. Í skipulagstillögunni eru skilgreindar heimildir fyrir uppbyggingu gisti- og þjónustuhúsa norðan núverandi gistiskála.

Deiliskipulag er í samræmi við skilmála aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu á reit V11 – 5 ha svæði með nýtingarhlutfall 0,3. Í tillögunni felst að skilgreint er byggingarsvæði

fyrir gistiskála og gistihús. Nefndin gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Hótel Dyrhólaey - Deiliskipulag

Lagt er fram uppfært deiliskipulag vegna Hótel Dyrhólaeyjar að Brekkum í Mýrdal. Í tillögunni felst skilgreining á lóðum á svæðinu auk þess sem fram eru lagðir byggingarskilmálar á óbyggðum lóðum.

Nefndin gerir ekki athugasemd við skipulagið eins og það er lagt fyrir nefndina en mælist til þess að það verði klárað að fullu áður en það verður sent til auglýsingar. Skipulag á svæðinu hefur áður verið auglýst og sent til umsagnar. Nefndin mælist til þess að samhliða auglýsingu verði málið sent umsagnaraðilum á nýjan leik. Ekki er gerð athugasemd við að málið verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag

Lögð er fram greinargerð vegna verndarsvæðis í byggð til yfirferðar auk atriða til umræðu frá vinnsluáðilum skipulagsins og verndarsvæðistillögu. Málinu var frestað á síðasta fundi nefndarinnar og ekki tekin afstaða til eftirfarandi:

Staðsetning Halldórsverslunar.

Á íbúafundi var samhljómur um að staðsetning Halldórsverslunar væri ekki góð innan skipulagsins og henni þyrfti að breyta.

- Hvert á að færa hana?
- Á að færa hana innan lóðar?
- Hvernig á hún að snúa?
- Möguleikar á uppbyggingu við húsið?

Nefndin leggur til að staðsetning Halldórsbúð verði eins og hún kemur fram í framlagðri tillögu Landmótunar. Húsinu verði snúið norður/suður og fært að Víkurbraut.

Byggingarreitur við Skaftfellingskemma verði tekin ákvörðun um að færa Halldórsverslun ekki á þann reit.

- Skilmálar byggingarreits
- Athugasemdir komu við skipulagið frá eigendum Víkurbrautar 15/15a vegna þessarar lóðar og hugsanlega takmörkun á notkun þeirra á lóð sinni.

Nefndin leggur til að byggingarreitur við Skaftfellingskemma verði felldur eins og hann kom fram í áður auglýstu skipulagi.

Skilmálar fyrr verndarsvæðið, bæði almennir og sérskilmálar fyrir einstaka hús/lóðir/svæði.

- Fara yfir byggingarskilmála eins og þeir koma fyrir í skýrsludrögum.

Nefndin samþykkir skilmálar verndarsvæðistillögu eins og þeir koma fyrir.

Mælt er til þess að tillagan verði auglýst.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

4. Hótel Dyrhólaey – Byggingarleyfi

Lagðir eru fram uppdrættir vegna umsóknar um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Hótel Dyrhólaey. Um er að ræða tveggja hæða steinsteypt hús með kjallara.

Nefndin gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt að undangenginni grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. skipulagslaga. Með grenndarkynningu skal jafnframt kynna næstu nágrönnum svæðisins framlagt deiliskipulag svæðisins sérstaklega.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. Vinnubúðir – Fyrirspurn

Fyrirspurn barst frá Sigurði Garðarssyni vegna hugmynda um uppsetningu vinnubúða fyrir starfsfólk sem kemur að vinna til skemmri tíma í Vík. Um er að ræða 18-25 m² hús með eldhúsi og baði. Lagt fyrir nefndina til umræðu.

Nefndin telur að æskilegt að byggð séu hús til framtíðar fyrir starfsfólk á svæðinu. Við stærri byggingarframkvæmdir hafa verið veitt leyfi fyrir vinnubúðum en ekki er talið æskilegt að setja upp húsnæði til bráðabirgða fyrir fólk sem ætlar sér að búa og starfa innan samfélagsins í lengri eða skemmri tíma.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

6. Brekkur 2 – Viðbygging

Steinþór Vigfússon óskar eftir heimild til að byggja við íbúðarhús sem stendur á lóðinni Brekkur 2. Um að ræða um það bil 50 m² stækkun á núverandi húsi. Við stækkun verður rífið bíslag vestan hússins.

Nefndin gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt að undangenginni grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. skipulagslaga .

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

7. Þórisholt – Aðalskipulagsbreyting

Málið var tekið fyrir á 260. Fundi nefndarinnar þar sem eftirfarandi bókun var gerð:

Þórisholt – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Þórisholts í Mýrdal á grundvelli áður samþykktar lýsingar aðalskipulagsbreytingar. Um er að ræða skilgreiningu verslunar og þjónustusvæðis.

Nefndin gerir athugasemd við uppbyggingu 3000 m² hótels að Þórisholti að svo komnu máli.

Tekin verði afstaða til slíkrar uppbyggingar við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps. Verði byggingarheimild minnkuð sem nemur hóteli gerir nefndin ekki athugasemd við auglýsingu framlagðrar tillögu aðalskipulagsbreytingar að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 31.gr.skipulagslaga.

Skipulagstillagan hefur verið uppfærð m.t.t. bókunar nefndarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

8. Austurvegur 11b-11D – Beiðni um stækkun lóðar

Ragnar Guðgeirsson fh. Argyron ehf. sækir um heimild til að stækka lóð Austurvegar 11D til austurs sem nemur um 100-150 m².

Nefndin gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir stækkun lóðarinnar og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá nýju lóðarblaði og lóðarleigusamningi fyrir lóðina.

3. Fundargerð Rekstrarnefndar Hjallatúns frá 13. ágúst 2018

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

4. Fundargerð 239. fundar fræðslunefndar frá 14. ágúst 2018

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og fagnar því að gengið hefur verið frá ráðningu allra starfsmanna bæði í grunn- og leikskóla og að útlit er fyrir að fljótlega í haust verði hægt að taka inn öll börn sem verið hafa á biðlista í leikskólanum.

5. Fundargerð menningarmálanefndar frá 13 ágúst 2018

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

- 1. Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi í flokki II vegna Reynisfjöru ehf.**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
- 2. Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi í flokki IV vegna Guesthouse Steig. ehf**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
- 3. Erindi frá Saman hópnum**
Lagt fram til upplýsinga
- 4. Umsókn um lóðina Mánabraut 30 frá Andra Sigurðssyni**
Sveitarstjórn treystir sér ekki til að úthluta þessari lóð undir frístundahús og hafnar umsókninni.
- 5. Beiðni um umsögn vegna veitingar rekstrarleyfis fyrir Hótel Dyrhólaey.**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins
- 6. Umsókn um styrk vegna tónleikahalds í hellinum við Hjörleifshöfða.**
Fram var lögð beiðni um stuðning vegna leigu á tækjum og búnaði vegna fyrirhugaðra tónleika í hellinum við Hjörleifshöfða. Sveitarstjórn getur ekki samþykkt að styrkja tónleikahaldið þar sem það hefur ekki verið samþykkt af lögregluvirkvöldum.
- 7. Boð á fund með stjórn RARIK fundurinn verður á Hótel Kötlum föstudaginn 31. ágúst kl. 12.00**
Sveitarstjórn fagnar því að geta hitt stjórn Rarik til að fara yfir raforkumál sveitarfélagsins. Á fundinum verður lögð rík áhersla á raforkuöryggi á svæðinu. Minnt er á að á fundi sem sveitarstjóri og oddviti áttu með forstjóra fyrir rúmu ári var rætt um að komið yrði upp nýrri varafsstöð í Vík.
- 8. Erindi frá Loðmundi landeigendafélagi ehf.** Einar Freyr Elínarson vísar af fundi undir þessum lið. Í erindinu er óskað eftir því að sveitarstjórn Mýrdalshrepps staðfesti að ekki verið gerðar athugasemdir við fyrirhugaða gjaldtöku á svæðinu. Sveitarstjórn frestar því að taka afstöðu til framkominnar beiðni og óskar eftir ítarlegri upplýsingum um fyrirhugaða gjaldtöku á svæðinu. EFE mætir aftur til fundarins.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

- 1. Boðun á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 26. - 28 september 2018**
Lagt fram til upplýsinga. Oddviti og sveitarstjóri munu sækja landsþingið.
- 2. Fundargerð nefndar sem sett var á fót af Héraðsnefnd til að endurskoða fjallskilasamþykkt fyrir Vestur- Skaftafellssýslu frá 18. apríl 2018**
 - 2a. Drög að fjallskilasamþykkt fyrir Vestur- Skaftafellssýslu.**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps þakkar nefndarmönnum þeirra störf og samþykkir fjallskilasamþykktina fyrir sitt leyti.
- 3. Samningur um skólaakstur.**
Fram var lagður samningur um skólaakstur við Inga Má Björnsson sveitarstjórn staðfestir samninginn.
- 4. Viðaukar við fjárfestingar í ágúst 2018.**
 - 4a. Viðaukar við rekstur í ágúst 2018.**
 - 4b. Skýringar á viðaukum í ágúst 2018.**

Sveitarstjóri fór yfir og skýrði framlagða viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Eins og fram kemur í útskýringunum hér að frama eru það í raun fjölmargir liðir sem breytast í áætluninni og flestir tengjast miklum framkvæmdum í sumar. Heildarniðurstaða viðaukanna eru aukin útgjöld um **6,4 milljónir** sem mætt verður með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.

5. Fjármögnun íbúðarkaupa á Sunnubraut 7.

Fram var lagt tilboð frá Arionbanka um fjármögnun á kaupum sveitarfélagsins á Sunnubraut 7. Sveitarstjórn samþykkir að taka lán hjá Arionbanka að upphæð 27 milljónir með 4,65% verðtryggtum vöxtum til 30 ára. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá lántökunni.

6. Framlenging á ráðningarsamningi við Vigfús Þór Hróbjartsson.

Þar sem nýr skipulags- og byggingarfulltrúi George Frumuselu kemur ekki til starfa fyrr en 1. október var ráðningarsamningur Vigfúsar út september og að hann verið einnig í hálfu starfi í október.

7. Ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2017

Fram var lagður ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2017. Niðurstöðutölur rekstrarreiknings ársins eru kr. 36.250.- og efnahagsreiknings kr. 10.753.454. Sveitarstjórn samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 33. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 17. júlí 2018.

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 100. fundar Héraðsnefndar Vestur- Skaftafellssýslu frá 5. júní 2018.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.00

Einar Freyr Elínarson oddviti

Þorgerður Hlín Gísladóttir

Drífa Bjarnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Þórey Richard Úlfarsdóttir